

REGLUR

um meðferð og merkingu sláturafurða af alifuglum.

1. gr.

Gæta skal ítrasta hreinlætis í hvívetna við slátrun, verkun og geymslu á alifuglum, sem ætlaðir eru til sölu eða hafðir á boðstólum.

Ef slátrun fer ekki fram í viðurkenndum alifuglasláturhúsum (reglugerð 205/1967), skulu vinnuherbergi, þar sem slátrun og verkun fer fram, vera þrifaleg og þannig úr garði gerð, að auðvelt sé að þrifa þau á viðhlítandi hátt. Þar skal vera nægilegt heilt og kalt vatn til afnota við sláturstörf, gott frárennsli og viðhlítandi loftræsting og birta.

Starfsfólk skal við sláturstörf klætt hreinlegum hlífðarfötum og höfuðbúnaði, sem auðvelt er að hreinsa. Starfsfólki skal séð fyrir viðhlítandi hreinlætisaðstöðu.

2. gr.

Strax þegar slátrun og verkun er lokið skulu afurðir kældar eða frýstar, eftir því sem við á. Allar sláturafurðir, sem ætlaðar eru til sölu eða til notkunar á opinberum matsölum eða mótuneytum, skal pakka í hentugar og hreinar umbúðir, svo afurðir óhreinast ekki eða mengist í meðförum og geymslu.

3. gr.

Umbúðir þær, sem um getur í 2. gr., skulu vera greinilega merktar nafni framleiðanda. Það skal einnig koma fram hvaða tegund alifugla eða hvaða tegund afurða umbúðirnar hafa að geyma, og í hvaða mánuði ársins slátrun fuglanna fór fram. Umbúðir skulu viðurkenndar af héraðsdýralækni.

Óheimilt er að bjóða til sölu eða hafa á boðstólum sláturafurðir alifugla, sem ekki eru í umbúðum merktum á þennan hátt.

4. gr.

Óheimilt er að selja eða hafa á boðstólum afurðir af sjálf dauðum eða sjúkum alifuglum og fuglum, sem sjúklegar breytingar hafa fundist í við slátrun.

Hræ af slíkum fuglum skulu grafin tryggilega ásamt sláturúrangi, ef ekki eru tók á því að eyða þeim í eldi.

5. gr.

Á búum, þar sem hænsfuglar eru ræktaðir til framleiðslu og sölu á eggjum eða sláturafurðum, er óheimilt að hafa samtímis tamda sundfugla, gæsir eða endur.

Í húsakynnum, þar sem slátrun hænsfugla fer fram, er óheimilt að slátra sundfuglum. Óheimilt er að slátra alifuglum í almennum sláturhúsum, er starfa samkvæmt lögum nr. 30/1966.

6. gr.

Þeir, sem ætla að slátra eða verka alifugla til sölu, skulu tilkynna það héraðsdýralækni bréflaga.

Héraðsdýralæknar skulu, eftir því sem þurfa þykir, fylgjast með hreinlæti, þrifnaði og hollustuháttum, þar sem slátrun alifugla til sölu fer fram, og gæta þess að notaðar séu réttar umbúðir á afurðir, sem ætlaðar eru til sölumeðferðar.

7. gr.

Brot gegn framangreindum ákvæðum varða sektum, samanber lög nr. 30/1966 um meðferð og mat á sláturafurðum.

Ef um endurtekin brot er að ræða má svipta viðkomandi rétti til slátrunar á alifuglum, sem ætlaðir eru til sölu.

8. gr.

Reglur þessar eru settar samkvæmt ákvæðum laga nr. 30/1966, um meðferð og mat á sláturafurðum, til þess að öðlast þegar gildi.

Landbúnaðarráðuneytið, 28. september 1973.

Halldór E. Sigurðsson.

Sveinbjörn Dagfinnsson.

S A M Þ Y K K T

fyrir Veidifélag Laxár og Bæjarár, Reykhólahreppi.

1. gr.

Félagið heitir Veidifélag Laxár og Bæjarár.

Heimili þess og varnarþing er Reykhólahreppur, A.-Barðastrandarsýslu.

2. gr.

Félagið nær til allra jarða, sem land eiga að Laxá og Bæjará ásamt útám, en þær eru Hábaer og Bær, Mýrartunga I, Mýrartunga II, Gillastaðir, Klukkufell, Mun-aðstunga, Hríshóll I og II, Hafrafell I, Hafrafell II og Borg.

3. gr.

Verkefni félagsins skal vera, að rækta upp veiði í fyrrgreindum ám og annast nýttjar samkvæmt ákvörðum félagsfundar hverju sinni. Félagið tekur til allrar veiði á félagssvæðinu.

4. gr.

Stjórn félagsins skipa þrír menn, formaður og tveir meðstjórnendur. Skulu þeir kosnir á aðalfundi til þriggja ára í senn. Ganga þeir úr stjórninni á víxl þannig, að formaður gengur út eftir eilt ár, annar meðstjórnandinn eftir tvö ár, og hinn eftir þrjú ár, og helst svo sama röð áfram. Enginn atkvæðisbær félagsmaður getur skoraast undan endurkosningu, nema sérstök forföll hamli, eða að hann hafi verið í stjórn í þrjú ár. Kjósa skal tvo varamenn og tvo endurskoðendur til tveggja ára í senn, þannig að annar varamaðurinn og annar endurskoðandinn gangi út annað árið, og hinir hitt árið.

5. gr.

Stjórnin hefur á hendi allar framkvæmdir félagsins milli aðalfunda. Hún fær menn sér til aðstoðar við þau störf í þágu félagsins, sem vinna þarf á hverjum tíma, og semur við þá um þóknun fyrir. Formaður er fulltrúi félagsins út á við og hefur yfirumsjón með öllum störfum félagsins og fjárreiðum.

Óheimilt er öllum að veiða á félagssvæðinu, nema með sérstöku skriflegu leyfi félagsstjórnarinnar. Í leyfinu skal tekið fram um veiðitíma og veiðitæki, og með hvaða kjörum leyfið er veitt.